



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. P 135/1878
komudagur 26.3.2008

Reykjavík, 19.03.2008

Tilv. 90.13

JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, 35. mál, 135. löggjafarþing 2007-2008.

Vísað er í erindi Umhverfisnefndar Alþingis dags. 13. mars 2008 varðandi umsögn um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þar sé verið að leggja til að verkefni í umsjá sjávarútvegsráðuneytisins svo sem eins og "hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum" verði flutt frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Jafnframt, að Hafrannsóknastofnunin heyri undir umhverfisráðuneyti í stað sjávarútvegsráðuneytis eins og nú er. Breyting þessi er talin nauðsynleg "til þess að leggja ríkari áherslu en verið hefur á umhverfispátt rannsókna og stjórn á álagi við hagnýtingu auðlindanna". Þá er og vikið að því að þessi breyting sé lögð til í þeim tilgangi "að færa mikilvægar ákvarðanir og tillögugerð úr höndum hagsmunaaðila til umhverfisráðuneytis".

Hafrannsóknastofnunin tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til þess hvar í stjórnsýslunni hún er hýst. Komi hins vegar til breytinga á stöðu stofnunarinnar í stjórnsýslunni er mikilvægt að haft sé í huga að starfsemi sé tryggður fjárhagslegur grundvöllur svo unnt sé að gera nauðsynlegar rannsóknir og þar með undirbyggja ráðgjöf um vernd og nýtingu auðlindarinnar. Þá ber að tryggja áframhaldandi sjálfstæði starfseminnar í faglegu tilliti og að lokum ber að tryggja lifandi og náin tengsl við helstu hagsmunaaðila svo vitneskja í atvinnugreininni nýtist rannsóknastarfinu og hagsmunaaðilarnir beri traust til rannsókna og ráðgjafar.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurðsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is